

Samkeppnisstofnun, 15. júlí 2003

Fréttatilkynning

Ákvörðun samkeppnisráðs: **Icelandair misbeitir markaðsráðandi stöðu fyrirtækisins** **í samkeppni við Iceland Express** **og brýtur með því samkeppnislög**

Þegar Iceland Express kynnti starfsemi fyrirtækisins og áætlanir um að selja ódýr flugfargjöld til Kaupmannahafnar og London brást Icelandair við með því að kynna og bjóða til sölu lág fargjöld, sk. Vorsmelli og Smelli 1 (ódýrustu Netsmelli) til sömu borga. Icelandair greip til fleiri aðgerða þegar Iceland Express hóf samkeppni í flugi til þessara áfangastaða.

Iceland Express telur að aðgerðir Icelandair, þ.m.t. hin ódýru flugfargjöld, hafi það markmið að hindra hið nýja fyrirtæki í að ná fótfestu á markaðnum. Þá telur fyrirtækið líklegt að flugfarmiðar hækki aftur í verði ef Iceland Express hrökklast út af honum fyrir tilstilli aðgerða Icelandair. Var Samkeppnisstofnun sent erindi af þessu tilefni í febrúar sl.

Icelandair með markaðsyfíráð

Í ákvörðun samkeppnisráðs sem tekin var á fundi ráðsins í gær, 14. júlí, kemur fram það mat að Icelandair sé í einstakri yfirburðastöðu á mörkuðum fyrir áætlunarflug á flugleiðunum milli Keflavíkur og Kaupmannahafnar annars vegar og Keflavíkur og London hins vegar. Félagið hafi eitt um langt skeið sinnt áætlunarflugi á þessum leiðum en sé nú með 75-80% markaðshlutdeild. Þá er bent á að sætaframboð Icelandair á umræddum flugleiðum sé mörgum sinnum meira en sætaframboð keppinautarins og ferðatíðni mun meiri. Bent er á fleiri atriði til stuðnings því mati að Icelandair sé í yfirburðastöðu í áætlunarflugi til Kaupmannahafnar og London, svo sem stærð og leiðakerfi fyrirtækisins og fjölpætta starfsemi þess og systurfélaga á tengdum mörkuðum.

Kostnaður Icelandair við ódýrustu flugfargjöld meiri en tekjurnar af þeim

Þegar mestum hluta af kostnaði Icelandair hefur verið deilt niður á hvert flugsæti og tekið hefur verið tillit til áhrifa vildarpunkta fyrirtækisins er það mat samkeppnisráðs að verð á Vorsmellum til Kaupmannahafnar hafi verið 50-55% undir kostnaði og verð á Vorsmellum til London hafi verið 40-45% undir kostnaði. Verð á ódýrustu Netsmellum Icelandair til Kaupmannahafnar er 15-20% undir kostnaði en á ódýrustu Netsmellum til London 5-10% undir kostnaði.

Skaðleg undirverðlagning leiðir til herra verðs þegar til lengri tíma er litið og skaðar neytendur

Það er mat samkeppnisráðs að verðlagning og aðrar aðgerðir Icelandair sem varða Vorsmelli og ódýrustu Netsmelli félagsins á flugleiðunum til Kaupmannahafnar og London séu framkvæmdar í því skyni að koma í veg fyrir að Iceland Express nái fótfestu á markaðnum. Gögn málsins staðfesta þetta mat. Aðgerðir Icelandair sem felast í Vorsmellum og ódýrustu Netsmellum til Kaupmannahafnar og London eru

sértækar og beinast að rekstri Iceland Express enda gilda ekki sambærileg tilboð á öðrum flugleiðum félagsins til Evrópu þar sem ekki gætir samkeppni. Aðgerðirnar fela í sér skaðlega undirverðlagningu og eru í ósamræmi við þá ríku skyldu sem hvílir á Icelandair sem fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu að raska ekki samkeppni. Ljóst er að erfitt getur verið fyrir nýjan keppinaut að hasla sér völl í umræddu áætlunarflugi og beiti Icelandair áfram skaðlegri undirverðlagningu er veruleg hættu á því að Iceland Express hrökklist út af markaðnum. Slíkt myndi skaða neytendur og draga verulega úr líkum á því að nýir aðilar hasli sér völl á þessu sviði.

Vorsmellir Icelandair á flugleiðunum til Kaupmannahafnar og London að upphæð 14.900 kr. sem stóðu viðskiptavinum til boða á ferðatímabilinu 1. mars til 15. maí sl. fóru að mati samkeppnisráðs gegn ákvæði 11. gr. samkeppnislaga. Það gera einnig ódýrustu Netsmellir á sömu flugleiðum að upphæð 19.800 kr. Samkeppnisráð hefur því bannað Icelandair að kynna og selja fargjöld sambærileg þeim sem hér eru nefnd á áður nefndum flugleiðum.

Lækkun Icelandair á viðskiptafargjöldum til Kaupmannahafnar og London – sértæk aðgerð sem mismunar viðskiptavinum

Eftir að Iceland Express hóf áætlunarflug lækkaði Icelandair verð á viðskiptafargjöldum um allt að 41% á flugleiðinni milli Keflavíkur og Kaupmannahafnar og 43% á flugleiðinni milli Keflavíkur og London, þó aðeins á sömu brottfarartímum og falla að flugi Iceland Express. Önnur viðskiptafargjöld til umræddra áfangastaða svo og til annarra áfangastaða eru óbreytt. Í ljósi þess að samkeppni er þegar takmörkuð vegna yfirburðastöðu Icelandair hvílir sérstök skylda á félaginu að hindra ekki innkomu hins nýja keppinautar. Að mati samkeppnisráðs felst í lækkun viðskiptafargjaldanna sértæk aðgerð sem aðeins er beint að ákveðnum hópi viðskiptavina sem hugsanlega gætu nýtt sér áætlunarflug Iceland Express. Aðgerðinni er ætlað að trufla innkomu hins nýja keppinautar á markaðinn. Í aðgerðinni felst einnig mismunun gagnvart viðskiptavinum í samskonar viðskiptum og brýtur hún gegn 11. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð hefur því ógilt fyrirnefnda lækkun Icelandair á viðskiptafargjöldum á tilteknum brottfarartímum á flugleiðunum milli Keflavíkur og Kaupmannahafnar og Keflavíkur og London.

Nánari upplýsingar um mál þetta má fá hjá Guðmundi Sigurðssyni, forstöðumanni samkeppnisviðs hjá Samkeppnisstofnun í s: 552-7422

Ákvörðun samkeppnisráðs í máli 22/2003 má finna á vefslóð Samkeppnisstofnunar, http://www.samkeppni.is/akvardanir_alit_umsagnir/akvardanir/2003/akv2203.pdf Athugið að ákvörðunin er um 120 blaðsíður.